

Mætt eru: Ólafur Oddur, Snær Seljan, Atli Már, Hugrún Geirsdóttir, Helgi Bjarnason og Sabína Steinunn.

#### Dagskrá fundarins

1. Fundargerð 798 lesin upp og samþykkt
  - Ólafur setti 799. fund. Fundurinn hófst á því að nefndarmenn kynntu sig. Snær las upp fundargerð síðasta fundar.
2. Stjórnin skiptir með sér verkum
  - Ólafur lagði til að Snær tæki við sem gjaldkeri, Hugrún ritari, Atli Már varaformaður, og Ingibergur meðstjórnandi. Það var samþykkt samhljóða. Helgi, Sabína og Jón Smári eru svo í varastjórn.
3. Aðsent efni, Lotto, Bréf frá ÍSÍ ( fulltrúi á íþróttaping)
  - Óli las upp bréf frá ÍSÍ varðandi styrki til sérsambanda. Hann hafði áður haft samband við ÍSÍ út af styrkjunum þar sem GLÍ hafði ekki fengið þá upphæð sem því bar miðað við önnur sérsambönd. Árangurinn varð sá að styrkur ÍSÍ hækkaði um tæpar 262.000 þús.
  - Íþróttaping verður haldið 8. og 9. apríl, kosið verður um fulltrúa á næsta fundi.
4. Skipað í nefndir
  - Óli las upp tillögur að nefndum þar sem stjórnarmenn yrðu formenn nefnda í flestum tilfellum.
5. Tölvukaup
  - Tölva GLÍ er 10 ára gömul og kominn tími á endurnýjun. Stjórnarmenn samþykktu kaup á nýrri fartölvu upp á 110 þúsund.
6. Glímuping
  - Glímupingið fór vel fram þann 19.febrúar og var stutt og snarpt.
7. Bikar og sveitaglíma
  - Hún fór fram 19. og 20. febrúar. Úrslit mótsins má nálgast á heimasíðu Glímusambandsins. Mótin voru rædd og fyrirkomulag dómgæslu á þeim.
8. Skjaldarglíma Skarphéðins
  - Hún fór fram 26. febrúar og eru úrslitin ljós á heimasíðu Glímusambandsins.
9. Glímuferð til Danmerkur
  - Farið verður með 12 unglinga ( 10. bekkur og fyrsta ár í menntaskóla) undir fararstjórn Ólafs og Sabínu þann 4. júní næstkomandi.
10. Loka umferð meistaramótsins á Ísafirði 12. mars.
  - Frekar dræm þáttaka er á mótið en 8 karlmenn eru skráðir í opna flokkinn.
11. Þyngdarflokkaskiptingar í barna og unglingaflokkum.
  - Óli bar undir stjórn reglugerðarbreytingu á þyngdarflokkaskiptingu í barna- og unglingaflokkum. Breytingin felur í sér að keppt verði í hverjum aldursflokki (hvert fæðingarár fyrir sig) þar sem yngri börn eiga minni möguleika á sigri á þeim eldri. Í hverjum aldursflokki væri hægt að keppa í þyngdarflokkum ef keppendur væru nægilega margir. Hinsvegar er vandi að finna út hvar

Þyngdarmörkin eiga að liggja en hugmyndin er sú að keppendur verði vigtaðir á staðnum eða hjá þjálfara sem sendir inn þyngdina um leið og hann skráir keppendur á mót. Ef keppendur verða nægilega margir og tekið miðgildi/meðaltal af því og skipt í flokka eftir þeim tölum.

12. Íslandsglíma og grunnskólamót 2011

- Mótin verða haldin 2. apríl á Reyðarfirði. Ferðamáti á mótin var ræddur fram og tilbaka.

13. Önnur mál.

- Sabína sagði frá því að formaður Ung blindra hafði komið til sín og spurt hvort Glímusambandið gæti komið til þeirra og kynnt þeim glímuna. Tekið var vel í þetta og fimmtudagskvöld í byrjun apríl gæti komið vel til greina.

14. Næsti fundur ákveðinn og fundi slitið

- Næsti fundur ákveðinn 28. mars klukkan 17:30.

*Hugrún Geirsdóttir*